

Liður 1.2 breytist og orðist svo:

„1.2. Orkusjóður veitir styrk til lagningar heimtauga sem uppfylla þau skilyrði sem sjóðurinn setur. Styrkurinn nemur allt að þeirri fjárhæð sem 80 m heimtaug og 25 kVA spennistöð kostar, að frádregnu lágmarksgjaldi skv. lið 1.1.“

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 351

28. ágúst 1990

REGLUR

Orkuráðs um styrkveitingar úr orkusjóði til heimtauga í strjálbýli.

Með vísun til 71. gr. orkulaga nr. 58/1967, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi reglur um styrkveitingar úr orkusjóði til heimtauga í sveitum:

1. Orkufyrirtæki skulu senda orkuráði umsóknir um styrkveitingar til heimtauga.
2. Umsóknir um styrkveitingu skulu sendar á sérstöku eyðublaði sem orkuráð lætur í té.
3. Með hverri umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:
 - a. Tegund heimtaugabeidni.
 - b. Tegund framkvæmda.
 - c. Áætlaður heildarkostnaður.
 - d. Heimtaugargjald.
 - e. Umframgjald sem heimtaugarbeiðandi greiðir.
 - f. Upphæð, sem sótt er um úr orkusjóði.
4. Rétt til styrkveitinga eiga:
 - a. Bændur á lögbýlum sem stunda hefðbundinn landbúnað, búgreinar svo sem loðdýrarrækt, fiskeldi, ferðamannaþjónustu, skógrækt eftir samningi við Skógrækt ríkisins um nytjaskógrækt eða aðra sambærilega starfsemi. Einnig hafa aðrir sem reka framangreinda starfsemi í sveitum rétt á styrk til heimtaugar, enda eigi þeir lögheimili og hafi fasta búsetu á staðnum.
 - b. Þjónustufyrirtæki í sveitum, sem fyrst og fremst þjóna þeim notendum sem styrkhæfir eru skv. staflíð a.
5. Almenn er aðeins styrkt ein heimtaug á hvern notanda skv. staflíðum a. og b.
6. Styrkur orkusjóðs getur numið allt að þeirri fjárhæð sem 80 m einfasa jarðstrengsheimtaug ásamt 25 kVA einfasa spennistöð kostar að frádregnu heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins eða Orkubús Vestfjarða.

Reglur þessar skulu taka gildi 1. september 1990. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri reglur sama efnis frá 8. mars 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.